

Ed.

685. Frumvarp til laga

[11. mál]

um togarakaup ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 57125000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 75% af andvirði þeirra. Heimilast henni að nota til þess það lán, sem um ræðir í 1. gr., og taka til viðbótar þau lán, sem með þarf. Lánin skulu veitt með sömu kjörum og ríkisstjórnin fær þau.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945, um togarakaup ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.